



Fundur háskólaráðs 6. desember 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 03.12.2001 11:28:35
Dags: 06.12.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

19/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 6. desember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Tillaga rektors:

Háskólaráð staðfestir þá stefnu Háskóla Íslands að uppbygging læknadeildar og skyldrar starfsemi verði í sem nánustum tengslum við Læknagarð. – Samþykkt einróma.

1.2 Skipan öryggisnefndar.

Öryggisnefnd Háskólans verði skipuð neðangreindum:

Skúla S. Júlíussyni, rekstrarstjóra

Valþóri Sigurðssyni, byggingastjóra

Sigríði Jónsdóttur, fræðimanni á Raunvísindastofnun

Sveinbirni Gizurarsyni, prófessor í lyfjafræðideild

Hin tvö síðarnefndu teljast vera fulltrúar starfsmanna H.Í. Áheyrnarfulltrúi stúdenta er Guðmundur Reynir Georgsson, verkfræðinemi. – Samþykkt einróma.

1.3 Kjör stjórnar Minningarsjóðs Aðalsteins Kristjánssonar.

Stjórn sjóðsins verði skipuð eftirtöldum:

Jóni Ólafssyni, prófessor

Magnúsi Tuma Guðmundssyni, dósent

Sigurði S. Snorrassyni, dósent.

- Samþykkt einróma.

1.4 Skipun í stjórnir Endurmenntunarstofnunar, Rannsóknastofu í kvennafræðum, Sjárvarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Rannsóknþjónustu Háskólans.

- Frestað.

1.5 Lögð fram drög að reglum fyrir Lagastofnun Háskóla Íslands.

- Til afgreiðslu á næsta fundi.

1.6 Lagt fram minnisblað frá nefnd formanna starfsnefnda háskólaráðs dags. 3. desember ásamt reglum heimspekideildar um framhaldsnám og reglum hjúkrunarfræðideildar um framhaldsnám.

- Til afgreiðslu á næsta fundi.

1.7 Lagðar fram reglur heimspekideildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

- Til afgreiðslu á næsta fundi.

1.8 Reglur raunvísindadeildar um veitingu starfa.

- Til afgreiðslu á næsta fundi.

1.9 Lagðar fram reglur um ráðningu og ráðningarréttindi aðjunktá í Félagi háskólakennara

- Til afgreiðslu á næsta fundi.

1.10 Skipan stjórnar Háskólaseturs á Hornafirði.

Frá Háskóla Íslands: Helgi Björnsson
Karl Benediktsson
Rögnvaldur Ólafsson
Frá Vegagerðinni: Hreinn Haraldsson
Frá Bæjarfélaginu: Stefán Ólafsson
Frá Landsvirkjun: Þórður Guðmundsson
Frá Siglingastofnun: Gísli Viggósson
Frá Veðurstofunni: Þór Jakobsson
- Samþykkt einróma.

- 1.11 Lagt fram bréf frá Þorsteini Sæmundssyni, formanni Stjarnvísindafélags Íslands, varðandi lýsingu við Aðalbyggingu.
Málinu vísað til umsagnar nýskipaðrar öryggisnefndar Háskólans.
- 1.12 Tillaga rektors:
Heimspekideild verði falin framkvæmd samnings Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um þjónustu á sviði tungutækni.
- Samþykkt einróma.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lögð fram skýrsla nefndar um tengsl Háskóla Íslands við framhaldsskóla.
- 2.2 Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.
- 2.3 Eftirfarandi ályktanir hafa borist frá Stúdentaráði Háskóla Íslands:
Ályktun Stúdentaráðs vegna fyrirhugaðrar lengingar kandídatsárs læknanema.
Ályktun Stúdentaráðs vegna einkunnaskila kennara.
Ályktun Stúdentaráðs vegna afgreiðslu háskólafundar á tillögu stúdenta.
Ályktun Stúdentaráðs vegna samkeppnisstöðu Háskóla Íslands.
Ályktun Stúdentaráðs vegna breytinga á birtri próftöflu.
Ályktun Stúdentaráðs vegna Náttúrufræðahúss.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu.
Rektor gerði grein fyrir framlögðu skipuriti Háskóla Íslands 2002. Skipuritið felur m.a. í sér nokkra breytingu á skipulagi hinnar sameiginlegu stjórnsýslu. Markmiðið með breytingunni er að bæta þjónustu við deildir og gera stjórnsýsluna skilvirkari, markvissari og sveigjanlegri.
Málið var rætt.
- 3.2 Framhald samninga H.Í. og LSH.
Fram var lagt minnisblað rektors um stöðuna í samningum H.Í. og LSH, dags. 27. nóvember 2001. Rektor greindi frá stöðu og framhaldi samninga milli Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss.
Málið var rætt.
- 3.3 Tengsl og samstarf við aðila á landsbyggðinni.
Tillaga um form fræðasetra, sbr. fund ráðsins 16.10. og 25.10. sl.
Rektor gerði grein fyrir tillögunni og var hún rædd ítarlega.
Samþykkt einróma.
- 3.4 Erindi frá Háskólabíói um veð.
Erindinu var vísað frá, enda reyndist það óþarft.
- 3.5 Skipting rannsóknafjárveitinga og launabóta 2001.
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um uppgjör 2001 og fjárhagsáætlun 2002, dags. 6.12.01. Málið verður áfram á dagskrá á næsta fundi ráðsins.

3.6 Tillaga að skiptingu fjárveitinga 2002.
Fjallað var um þennan lið undir 3.5.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.05